

# Sýnataka úr brjósti

Stundum er þörf á að taka sýni úr brjósti til greiningar og er það gert með grannri nál.

## Eftir sýnatöku

Fyrstu sólarhringana eftir sýnatöku má búast má við staðbundnum verkjum og að mar komi fram á brjóstinu þar sem stungið var. Sjaldgæfir fylgikvillar geta verið frekari blæðing í brjóstvef og sýking á stungustað.

## Stungustaður

- Plástur er hafður yfir stungustað í tvo sólarhringa. Halda þarf stungustað þurrum.
- Óhætt er að fara í sturtu án umbúða daginn eftir sýnatöku en setja þarf nýjan plástur eftir sturtuna.
- Ekki má fara í baðkar, heitan pott eða sund í tvo sólarhringa vegna hættu á sýkingu.

## Hreyfing og áreynsla

Ekki má lyfta þungu (meira en 5 kg) eða stunda líkamsrækt í tvo sólarhringa þar sem það getur aukið hættu á blæðingu út í brjóstvefinn.

## Verkir

- Taka má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki ef þörf er á, svo sem paracetamol.
- Ekki er ráðlagt að taka verkjalyf sem innihalda ibuprofen í tvo daga eftir sýnatöku.

Ef einhver eftirfarandi einkenna koma fram þarf að hafa samband við næstu heilsugæslustöð eða leita á læknavakt þar sem þau geta bent til sýkingar eða blæðingar í brjósti:

- Hiti hærri en 38,5°C
- Roði á stungustað eða á brjósti
- Auknir verkir á stungustað
- Gröftur eða aukinn vessi sést á stungustað

## Símanúmer

Brjóstamiðstöð Landspítala er opin virka daga klukkan 8:00-16:00

543 9560